

7. Óskað er sérfræðilegrar greinargerðar um það, hve miklu vándamagni ætla megi, að ákærði hafi brennt þær 100 mínútur, sem liðu frá því að hann var handtekinn kl. 0135 19. september 1976, uns honum var tekið blóð kl. 0315 sama dag.

8. Annað það, er könnun á þeim efnum, sem að framan greinir, gefur tilefni til.

Ályktarorð:

Rétt er að afla gagna um framangreind atriði.

Mánudaginn 18. júní 1979.

Nr. 186/1977. **Bjarni Helgason**
Björn Stefánsson
Hreggviður Jónsson
Jónatan Þórmundsson
Ólafur Ingólfsson
Stefán Skarphéðinsson
Unnar Stefánsson
Þorsteinn Sæmundsson
Þorvaldur Búason
Þór Vilhjálmsson
Ragnar Ingimarsson og
Valdimar J. Magnússon
 (Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
 gegn
Sigurði A. Magnússyni
 og gagnsök
 (Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Ærumeiðingar. Ómerking ummæla. Sektarrefsing.
 Miskabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma sem varadómarar í Hæstarétti Halldór Þorbjörnsson yfirsakadómarí, Guðmundur Ingvi Sigurðs-

son hæstaréttarlögmaður, Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður, Unnsteinn Beck borgarfógeti og Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. október 1977 og gert þær dómkröfur:

1. Að ummæli þau, sem stefnt er út af, verði dæmd dauð og ómerk.

2. Að gagnáfrýjandi verði dæmdur í refsingu fyrir ummælin.

3. Að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða hverjum aðaláfrýjenda 50.000 krónur í miskabætur með 9% ársvöxtum frá 25. júní 1974 til 15. júlí s. á., en 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

4. Að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða aðaláfrýjendum sameiginlega 30.000 krónur til að kosta birtingu forsendna og dómsorðs væntanlegs dóms í máli þessu í opinberum blöðum.

5. Að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að sjá um, að forsendur og dómsorð væntanlegs dóms verði birt í 1. eða 2. tölublaði dagblaðsins Þjóðviljans, er út kemur eftir birtingu dómsins.

6. Að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða aðaláfrýjendum sameiginlega hæfilegan málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur gagnáfrýjað héraðsdóminum með stefnu 10. nóvember 1977 og gert þær kröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þann veg, að gagnáfrýjandi verði sýknaður af öllum kröfum aðaláfrýjenda og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr þeirra hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Ummæli þau, sem stefnt var út af í frumsök í héraði, birtust í dagblaðinu Þjóðviljanum, 106. tölublaði, er út kom 25. júní 1974. Stefna var birt 27. desember sama ár, er 6 mánuðir og 2 dagar voru liðnir frá birtingu ummælanna. Eigi er þó sannað, að aðaláfrýjendur hafi svo fljótt fengið vitneskju um ummælin, að heimild til málshöfðunar hafi þá verið niður fallin skv. 29. gr. alm. hegningarlaga.

Ummæli þau, sem út af er stefnt í framhaldssök í héraði, eru í greinargerð gagnáfrýjanda, sem birt var í 48. tölublaði Þjóðviljans, er út kom 27. febrúar 1975. Birting greinargerðarinnar fór fram með samþykki gagnáfrýjanda, og í blaðinu er hann skýrt nafngreindur sem höfundur. Ber hann þannig ábyrgð á efni hennar, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga 57/1956. Þess er þó að gæta, að í blaðinu er tekið fram, að fyrir sögn og millifyrirsagnir séu blaðsins, og ber gagnáfrýjandi þannig ekki ábyrgð á millifyrirsögninni „Atferli 12 óhappamanna“, sbr. lið B. 1. í framhaldsstefnu. Einnig er það komið fram, að skotið var inn í greinargerðina á viðeigandi stöðum öllum ummælum þeim, sem stefnt var út af í frumstefnu, og kveður gagnáfrýjandi það hafa verið gert án samráðs við sig. Þannig ber gagnáfrýjandi heldur ekki ábyrgð á þessari birtingu ummælanna.

Hin átöldu ummæli eru rakin í héraðsdómi, og verða þau nú athuguð.

I. Ummæli, sem stefnt var út af í frumsök:

1. Ekkert er við það að athuga, þótt menn leiti æru sinni verndar með málssókn fyrir dómi, og er fjarri sanni að kalla það réttarofsóknir. Þykja ummæli þessi því óviðurkvæmleg og verð ómerkingar skv. 1. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga. Hins vegar verða þau ekki talin refsiverð móðgun né aðdróttun.

2.—5. Ummæli þessi geyma öll stórfelld móðgunaryrði í garð aðaláfrýjenda, og ber að refsa gagnáfrýjanda fyrir þau samkvæmt 234. gr. alm. hegningarlaga og ómerkja ummælin samkvæmt 1. mgr. 241. gr. sömu laga.

II. Ummæli, sem stefnt var út af í framhaldssök:

A. 1.—5. og B. 1. Samkvæmt því, sem áður var lýst, ber gagnáfrýjandi ekki ábyrgð á birtingu ummæla þessara í Þjóðviljanum hinn 27. febrúar 1975.

B. 2. Ummælin eru móðgandi fyrir aðaláfrýjendur og varða við 234. gr. alm. hegningarlaga og sæta ómerkingu skv. 1. mgr. 241. gr.

B. 3. Ummæli þessi eru óviðurkvæmleg, og ber að ómerkja

þau skv. 1. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga, en eigi þykja þau refsiverð ærumeiðing.

B. 4. Ummæli þessi geyma aðdróttun um þjónkun við erlent ríki gegn fjárhagslegri umbun. Er aðdróttun þessi brýnt brot gegn 235. gr. alm. hegningarlaga. Ummælin eru auk þess öll í heild mjög móðgandi, og ber einnig að refsa fyrir þau skv. 234. gr. alm. hegningarlaga. Þá ber að ómerkja ummælin samkvæmt 1. mgr. 241. gr.

B. 5. og B. 6. Ummæli þessi eru móðgandi í garð aðaláfrýjenda og varða gagnáfrýjanda refsingu skv. 234. gr. alm. hegningarlaga. Ummælin verða ómerkt samkvæmt 1. mgr. 241. gr. sömu laga.

Refsing gagnáfrýjanda verður ákveðin 30.000 króna sekt til ríkissjóðs, en 4 daga varðhald til vara, ef sekt verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 1. mgr. 264. gr. alm. hegningarlaga þykir rétt að taka til greina kröfu aðaláfrýjenda um miskabætur úr hendi gagnáfrýjanda, þó svo, að fjárhæð bóta er ákveðin 20.000 kr. til hvers aðaláfrýjenda og skal greiðast ásamt vöxtum, svo sem krafist er.

Samkvæmt 2. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga ber að taka til greina kröfu aðaláfrýjenda um, að gagnáfrýjandi greiði þeim sameiginlega 30.000 krónur til þess að standa straum af kostnaði við birtingu forsendna og dómsorðs dóms þessa í opinberum blöðum.

Þá þykir rétt að ákveða samkvæmt 22. gr. laga 57/1956, að dómur þessi, forsendur og dómsorð, skuli birtur í fyrsta eða öðru tölublaði dagblaðsins Þjóðviljans, sem út kemur eftir birtingu dóms þessa.

Rétt þykir, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjendum sameiginlega 300.000 kr. í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Framangreind ummæli skulu ómerk.

Gagnáfrýjandi, Sigurður A. Magnússon, greiði 30.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 4 daga varðhald fyrir

sektina, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjendum, Bjarna Helgasyni, Birni Stefánssyni, Hreggviði Jónssyni, Jónatan Þórmundssyni, Ólafi Ingólfssyni, Stefáni Skarphéðinsyni, Unnari Stefánssyni, Þorsteini Sæmundssyni, Þorvaldi Búasyni, Þór Vilhjálmsyni, Ragnari Ingimarsyni og Valdimar J. Magnússyni, hverjum um sig, 20.000 krónur ásamt 9% ársvöxtum frá 25. júní 1974 til 15. júlí s. á., en 13% ársvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjendum sameiginlega 30.000 krónur til þess að kosta birtingu á forsendum og dómsorði dóms þessa í opinberum blöðum.

Birta skal forsendur og dómsorð dóms þessa í fyrsta eða öðru tölublaði dagblaðsins Þjóðviljans, sem út kemur eftir birtingu dómsins.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjendum sameiginlega 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. júlí 1977.

1.0

Mál þetta, sem er meiðyrðamál, var höfðað með stefnu, birtri 27. desember 1974.

Stefnendur eru Bjarni Helgason jarðvegsfræðingur, Undrlandi 2, Björn Stefánsson skrifstofustjóri, Grænuhlíð 13, Hreggviður Jónsson, Nesvegi 82, Jónatan Þórmundsson prófessor, Bræðraborgarstíg 15, Ólafur Ingólfsson, BA, Öldugötu 5, Stefán Skarphéðinsson framkvæmdastjóri, Álfheimum 44, Unnar Stefánsson viðskiptafræðingur, Háaleitisbraut 45, Þorsteinn Sæmundsson stjarnfræðingur, Bólstaðarhlíð 14, Þorvaldur Búason eðlisfræðingur, Geitastekk 5, Þór Vilhjálmsson hæstaréttardómari, Stigahlíð 73, allir í Reykjavík, Ragnar Ingimarsson prófessor,

Mávanesi 22, og Valdimar J. Magnússon framkvæmdastjóri, Garðafllöt 31, báðir í Garðahreppi.

Stefndi er Sigurður A. Magnússon rithöfundur, Felli, Mosfellshreppi, Kjósarsýslu.

Tílefni málshöfðunarinnar eru ummæli, sem birtust í grein á bls. 5 í 106. tbl. dagblaðsins Þjóðviljans, er út kom 25. júní 1974.

Tílefni greinarinnar var, að stefnendur höfðu höfðað nokkur meiðyrðamál vegna ummæla um þá í sambandi við undirskrifta-söfnun, sem þeir höfðu staðið fyrir. Þjóðviljinn hafði leitað álits stefnda á málshöfðununum sem formanns Rithöfundasambands Íslands. Greinin var rituð til að verða við þeim tilmælum.

Þann 27. febrúar 1975 birtist greinargerð stefnda í málinu í 40. tbl. Þjóðviljans undir fyrirsögninni „Verði skömm þeirra ekki uppi er ærleg hugsun horfin af Íslandi“ aukin millifyrirsögnum. Enn fremur hafði ummælum, sem stefnt var út af í frumsök, verið skotið inn í greinargerðina innan sviga og gæsa-lappa.

Stefndi er nafngreindur höfundur beggja greinanna. Stefnendur telja ummæli í báðum greinunum meiðandi fyrir sig. Stefndi telur nafngreiningu í síðari greininni ófullnægjandi.

Stefnendur höfðuðu framhaldssök út af birtingu greinargerðarinnar með stefnu, birtri 25. júlí 1975, og var aðalsökin sameinuð frumsökinni 3. desember 1976. Í framhaldssök er annars vegar stefnt vegna endurbirtingar þeirra ummæla, sem stefnt hafði verið fyrir í frumsök, og hins vegar vegna nýrra ummæla, sem stefnendur telja meiðandi fyrir sig.

Upphaflega var sótt þing bæði í frumsök og aðalsök af hálfu stefnda og greinargerðum skilað.

Eftir það féll þingsókn niður af hálfu stefnda, og var málið dómtekið 14. janúar 1977, eftir að skilað hafði verið skriflegri sókn af hálfu stefnenda.

Málið var endurupptekið til gagnaöflunar með stoð í 120. gr. laga nr. 85/1936 með úrskurði 7. febrúar 1977. Tekin var aðilja-skýrsla af stefnda 24. maí 1977, og var málið síðan dómtekið að nýju 25. júní 1977 að loknum munnlegum málflutningi.

Þar sem ekki tókst að ljúka dómi á málið innan hæfilegs tíma frá munnlegum málflutningi, var málið endurflutt þann 28. júlí sl. og dómtekið að nýju.

2.0

Um miðjan janúarmánuð 1974 efndu nokkrir menn til sam-

vinnu undir kjörorðinu „Varið land“. Áttu þarna hlut að allir stefnendur máls þessa auk hæstaréttarlögmanna Harðar Einarssonar og Óttars Yngvasonar. Á vegum þessara manna var undirbúin söfnun undirskrifta til að mótmæla kröfum um uppsögn „varnarsamnings milli Lýðveldisins Íslands og Bandaríkjanna á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins“ frá 5. maí 1951 og brottvísun herliðs Bandaríkjanna af Íslandi. Var öllum íslenskum þegnum, er náð hefðu tvítugs aldri 1. mars 1974, boðið að undirrita svohljóðandi yfirlýsingu:

„Við undirritað skorum á ríkisstjórn og Alþingi að standa vörð um öryggi og sjálfstæði íslensku þjóðarinnar með því að treysta samstarfið innan Atlantshafsbandalagsins, en leggja á hilluna ótímabær áform um uppsögn varnarsamningsins við Bandaríkin og brottvísun varnarliðsins“.

Stefnendur unnu síðan að því að fá menn til að undirrita þessa yfirlýsingu, og voru undirskriftalistarnir afhentir forsætisráðherra og forseta Sameinaðs Alþingis að undirskriftasöfnuninni lokinni í síðari hluta marsmánaðar 1974.

Eftir að undirskriftasöfnunin hófst, urðu mikil blaðaskrif um hana, einkum í Þjóðviljanum. Sættu stefnendur hörðu á mæli í ýmsum þessara greina. Töldu þeir ýmis ummæli í greinum þessum meiðandi fyrir sig og höfðuðu af því tilefni nokkur meiðyrðamál, sem voru þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 25. og 27. júní 1974.

3.0

3.1.

Grein sú, sem stefnt er út af í frumsök, birtist undir yfirskriftinni „Tilræði við tjáningarfrelsi“ og hljóðar svo:

„Hér er um að ræða alvarlegustu atlögu við tjáningarfrelsi sem mér er kunnugt um héraendis, og fer því þó fjarri að Íslendingar hafi hreinan skjöld í þeim efnum. Bókstafur íslenskrar meiðyrðalöggjafar er í mörgum greinum fáránlegur, og hefði honum verið fylgt út í æsar, eins og hér mun ætlunin að reyna, hefðu þeir Þórbergur Þórðarson og Halldór Laxness setið í tugthúsum hálfra ævina, að ekki sé minnst á ýmsa minni spámenn.“

Þeir þýlyndu og þjóðvilltu tólfmenningar, sem þykjast vera að verja æru, sem þeir hafa að dómi þjóðhollra Íslendinga týnt, eru hér að fara inn á braut, sem gæti ekki einungis reynst hættuleg tjáningarfrelsi landsmanna, heldur sjálfu lýðræðinu í landinu. Á sama tíma og þjóðkjörnir fulltrúar landsmanna bera hver

annan vömmum og skömmum og opinber málöggn þeirra feta dyggilega í fótspor þeirra, eru þessir hrokafullu þjóðvillingar að heimta, að um þá sé fjallað í pempíulegum hómilíustíl, þegar ekkert ætti betur við en mergjaðasta málfar Jóns Vídalíns. Þessir kumpánar þykjast hafa að baki sér hinn svokallaða þögla meirihluta, en mættu gjarna minnst þess, að Adolf Hitler og hans nótar fóru sínu fram í sömu blindu trú, og allir vita hvað af þeirri trú leiddi. Einn þáttur þessa máls er þó kannski öðrum fremur ógeðfelldur, en það eru ofsóknir prófessora við Háskóla Íslands á hendur stúdentum, en slíkar aðfarir eiga sér, að ég hygg, engar hliðstæður í vestrænum lýðræðisríkjum, þótt að vísu séu til sláandi hliðstæður í ýmsum Natóríkjunum.

Við höfum ekki séð fyrir endann á þessu máli og mig uggrir að úrslitin kunni að verða tvísýn, þar sem meirihluti Hæstaréttar er skipaður þrem kerfisþrælum, sem setja þjónkun sína við valdhafa ofar mannréttinda- og lýðfrelsisþjónarmiðum.

Mig brestur satt að segja orð til að lýsa fyrirlitningu minni á heigulshætti og valdbeitingartrú þeirra tólf nýstéttarmanna, sem standa að þessu tilræði við tjáningarfrelsi Íslendinga, og mun skömm þeirra uppi meðan nokkur ærleg hugsun bærisk með þjóðinni.“

Stefnendur telja, að eftirgreind orð og ummæli í greininni séu ærumeiðandi fyrir sig:

1. „Hér er um að ræða alvarlegustu atlögu við tjáningarfrelsi sem mér er kunnugt um hérlandis . . .“
2. „Þeir þýlyndu og þjóðvilltu tólfmenningar, sem þykjast vera að verja æru, sem þeir hafa að dómi þjóðhollra Íslendinga týnt, eru hér að fara inn á braut, sem gæti ekki einungis reynst hættuleg tjáningarfrelsi landsmanna, heldur sjálfu lýðræðinu í landinu . . .“
3. „ . . . hrokafullu þjóðvillingar . . .“
4. „ . . . Þessir kumpánar þykjast hafa að baki sér hinn svokallaða þögla meirihluta, en mættu gjarna minnst þess, að Adolf Hitler og hans nótar fóru sínu fram í sömu blindu trú, og allir vita hvað af þeirri trú leiddi . . .“
5. „ . . . heigulshætti og valdbeitingartrú þeirra nýstéttarmanna, sem standa að þessu tilræði við tjáningarfrelsi Íslendinga, og mun skömm þeirra uppi meðan nokkur ærleg hugsun bærisk með þjóðinni.“

Í framhaldssök er stefnt út af eftirfarandi ummælum:

A. Öllum sömu ummælum og í frumsök.

B. Eftirfarandi ummælum:

1. Kaflafyrirsögn á bls. 7: „Atferli tólf óhappamanna“.
2. „ . . . tólf óhappamanna . . . “
3. „kæurnar eru tilræði við tjáningarfrelsið . . . “
4. „ . . . afstaða þeirra til hins erlenda „varnarliðs“ . . . ber vitni undirlægjuhætti og þrælsóttu við húsbændurnu í vestri. Það er að mínu mati þýlyndi af verstu tegund að vilja stofna þjóð sinni í bráða tortímingarhættu til að þóknast vesturheimskum ráðamönnum, jafnvel þótt fjárhagsleg umbun komi fyrir — eða öllu heldur: Þýlyndið verður að því skapi fyrir litlegra sem það á dýpri rætur í ábatavoninni . . . “
5. „ . . . tólfmenningarnir hafa týnt æru sinni með málshöfðunum sínum og öllu umstangi í sambandi við hina illræmdu undirskriftasöfnun og tölvuvinnslu . . . “
6. „ . . . heigulshætti og valdbeitingartrú nýstéttarmannanna tólf. Ég tel það vera í senn gikkshátt og heigulshátt . . . valdbeitingartrú . . . “

Stefnendur gera þær dómkröfur í frumsök og framhaldssök eftir sameiningu þeirra:

Að öll framangreind ummæli verði dæmd dauð og ómerk samkvæmt 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

Að stefndi verði dæmdur til refsingar að mati dómara fyrir brot á 234., 235. og 236. gr. laga nr. 19/1940 vegna framangreindra ærumeiðandi ummæla.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða hverjum stefnanda fyrir sig kr. 50.000 í miskabætur skv. 1. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940 með 9% ársvöxtum frá 25. júní 1974 til 15. júlí sama ár, en 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum sameiginlega kr. 30.000 í kostnað skv. 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 til að kosta birtingu forsendna og dómsorðs væntanlegs dóms í máli þessu í opinberum blöðum.

Að stefndi verði dæmdur skv. 22. gr. laga nr. 57/1956 til að sjá um, að birt verði forsendur og dómsorð væntanlegs dóms í máli þessu í 1. eða 2. tbl. dagblaðsins „Þjóðviljinn“, er út kemur eftir birtingu dómsins.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum sameiginlega hæfilegan kostnað (málkostnað) í frumsök og framhaldssök að mati dómara.

Stefndi krafðist upphaflega frávisunar framhaldssakar, en

féll síðan frá þeirri kröfu. Eftir sameiningu framhaldssakar við frumsök krefst hann sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnenda að mati dómarans.

4.0

Álit dómsins.

4.1. Almennt.

Af stefnda hálfu er á því byggt, að hann hafi ekki farið út fyrir mörk þess málfrelsis, sem njóti við í umræðum og skrifum um opinber málefni.

Af stefnda (sic) hálfu hefur komið fram það viðhorf, að starfsemi þeirra að undirskriftasöfnuninni hafi það ekki í för með sér, að þeir njóti fyrir það minni æruverndar en ella.

4.1.1.

Að íslenskum lögum er meginregla, að menn eigi rétt á að tjá hug sinn fyrir öðrum, jafnt í einkalífi sem opinberlega og með hvaða tjáningarhætti sem vera skal.

Í opinberum umræðum um stjórnarmálefni er þessi meginregla sérlega mikilvæg vegna þeirra lýðræðislegu stjórnarháttar, sem stjórnskipunarreglur miðast við.

Þetta sjónarmið kemur meðal annars fram í ákvæði 2. mgr. 49. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, þar sem svo er mælt fyrir, að enginn alþingismaður verði krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það, sem hann hefur sagt í þinginu, nema þingdeildin, sem í hlut á, leyfi, sbr. 1. mgr.

Um rittfrelsi er sérstaklega fjallað í 72. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem svo er kveðið á, að hver maður eigi rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti, en verði þó að ábyrgjast þær fyrir dómi.

Meiðyrðalöggjöfin felur í sér takmarkanir á grundvallarreglunni um tjáningarfrelsi. Þessar takmarkanir byggjast almennt á því viðhorfi, að hagsmunir tengdir æru manna geti verið svo ríkir, að þeir almannahagsmunir, sem við tjáningarfrelsið eru bundnir, hljóti að víkja.

Á hinn bóginn er almennt viðurkennt, að árásir á æruna, sem væru ólögmætar eftir almennum reglum, gætu verið lögmætar, ef ríkir hagsmunir liggja til grundvallar þeim árásum.

Meðal þeirra hagsmuna, sem þannig kunna að verða metnir meir en hagsmunir æruverndar, eru hagsmunir samfélagsins af því, að umræður um opinber málefni geti farið fram í þeim mæli sem hinar lýðræðislegu og þingræðislegu grundvallarreglur

krefjast. Meðal annars er nauðsynlegt, að menn geti gagnrýnt pólitíska andstæðinga, athafnir þeirra og skoðanir að vissu marki. Ekki eru menn sammála um, hversu langt eigi að ganga í þessu efni almennt, en hér verða dómstólar að skera úr eftir málavöxtum hverju sinni. Við þetta mat verður m. a. að gæta þess, að opinberum umræðum verði ekki settar of þröngar skorður eða hlutverki fjölmiðla að því er varðar upplýsingastarfsemi og gagnrýni. Þá verður að hafa í huga eðli umræðunnar og tjáningarvenjur og gæta þess, að ef ummæli eiga að teljast ósaknæm, verða menn almennt að virða almennar velsæmiskröfur og tjá sig málefnalega. Hafa ber í huga, að stjórnmalabarátta í lýðræðisþjóðfélagi verður ekki rekin með málefnalegum rökum einum, og verða dómstólar að gæta þess að ganga ekki of langt í að þrengja athafnafrelsi þeirra aðilja, sem þessa baráttu heyja.

4.1.2.

Frumrætur þeirra deilna og átaka, sem orðið hafa um dvöl erlendra herja í landinu, má rekja til hernámsins 1940 og komu bandarísks herliðs til landsins 1941. Upphaflega byggðist herasetan á valdbeitingu Breta, en síðan á samningum Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku, fyrst hervarnarsamningnum 1941 og síðan Keflavíkursamningnum 1946 og loks Norður-Atlantshafssamningnum 1949 og varnarsamningnum 1951.

Erlent herlið hefur nú dvalið í landinu síðan 1940 að undanskildum árunum 1947—1951, þegar bandarískt einkafyrirtæki annaðist þá starfsemi á Keflavíkurflugvelli, sem Bandaríkjamenn töldu sér nauðsynlega af hernaðarástæðum.

Segja má, að þjóðareining hafi ríkt í afstöðunni til hernáms Breta, til þeirra skilyrða fyrir hersetu Bandaríkjanna 1941, að þeir yrðu á brott með her sinn að stríði loknu, og til umleitunar Bandaríkjamanna um herstöðvar til 99 ára 1945. Hins vegar leiddi samþykkt Keflavíkursamningsins 1946 til harðra deilna og stjórnarslita. Sjálfstæðisflokkurinn stóð óskiptur að samþykktinni, en Sósíalistaflokkurinn stóð óskiptur á móti og rauf stjórnarsamstarfið við Alþýðuflokkinn og Sjálfstæðisflokkinn. Alþýðuflokkurinn og Framsóknarflokkurinn klofnuðu í afstöðu til málsins.

Innganga Íslands í Atlantshafsbandalagið 1949 leiddi til einhverra alvarlegustu átaka, sem orðið hafa í landinu, og afstaða stjórnmalaflokkanna varð með líkum hætti og 1946. Hins vegar stóðu þingflokkar Framsóknarflokksins og Alþýðuflokksins

óklofnir að varnarsamningnum 1951, en fljótlega kom í ljós, að andstöðu við samninginn gætti víðar en í Sósíalistaflokknum. Má segja, að þessi samningur hafi verið eitt aðalátakamálið í íslenskum stjórnámálum síðan.

Árið 1956 var samþykkt tillaga Alþýðuflokksmanna á Alþingi um, að varnarsamningurinn frá 1951 yrði endurskoðaður með það fyrir augum, að herlið Bandaríkjamanna færi af landinu, en Íslendingar tækju að sér gæslu og viðhald hernaðarmannvirkja. Að samþykkt þessari stóðu allir þingmenn aðrir en þingmenn Sjálfstæðisflokksins. Hún varð svo eitt af stefnumálum ríkisstjórnar Framsóknarflokksins, Alþýðubandalagsins og Alþýðuflokksins, sem mynduð var 1956. Svo fór þó, að fallið var frá því að koma þessu stefnumáli í framkvæmd.

Árið 1971 var það síðan eitt af stefnumálum ríkisstjórnar Framsóknarflokksins, Alþýðubandalagsins og Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, að herliðið færi úr landi í áföngum. Sjálfstæðisflokkurinn og Alþýðuflokkurinn voru andvígir þessari stefnu.

Bandaríkjamenn telja sér aðstöðuna á Keflavíkurflugvelli mjög mikilvæga, einkum vegna umsvifa sovéska flotans á Norður-Atlantshafi. Önnur ríki Atlantshafsbandalagsins munu og telja aðstöðuna mikilvæga öryggishagsmunum sínum.

Afstaða til hersetunnar hefur haft veruleg áhrif á flokka-skipun, en einnig leitt til deilna og klofnings innan stjórn-mála-flokka. Hugmyndir manna um þjóðerni, ættjörð, sjálfstæði og fullveldi hafa blandast í þetta mál. Efnalegir hagsmunir hafa haft sitt að segja um afstöðu. Afstaða til andstæðra stórvelda og mismunandi grundvallarviðhorf í stjórnarfars- og hagskipun-armálum hafa mótað afstöðu margra. Sterkar tilfinningar and-úðar eða samkenndar hafa mótað umræður um þessi mál.

4.1.3.

Af því, sem að framan er rakið, má vera ljóst, að undirskrifta-söfnun stefnenda var þáttur í stjórnmalastarfsemi, sem varðaði mikilvæg mál á sviði utanríkismála og alþjóðastjórn-mála, sem djúpstæður pólitískur ágreiningur ríkir um hér innanlands. Þau viðhorf, sem hafa verið rakin hér að framan um málfrelsi á sviði stjórn-mála, eiga því við andóf gegn undirskriftasöfnun stefnenda og gagnrýni á hana.

Umræður um herstöðvamálin hafa oft verið óvægnar og stórrytar og einkennst af tilfinningahita.

Ummæli stefnda bera þessi einkenni, þótt þau fjalli að meginstefnu til aðeins óbeint um herstöðvamálin.

Hafa ber í huga, að þótt mönnum hafi haldist uppi órefsað að viðhafa fjölmæli á þessu sviði vegna þess, að andstæðingarnir hafa látið undir höfuð leggjast að leita réttar síns, er ekki þar með sagt, að myndast hafi venja um talshætti, sem breyti mati á mörkum málfrelsis og æruverndar.

Á hinn bóginn virðist mega taka nokkurt tillit til þess, að stefnendur máttu búast við gagnarásum af hálfu andstæðinga sinna, enda setti undirskriftasöfnunin þá í sviðsljós opinberra stjórnmálaátaka.

4.1.4.

Þótt málshöfðanir stefnenda á hendur andmælendum sínum vegna skrifa um undirskriftasöfnun þeirra verði ekki taldar til stjórnmálastarfsemi á sama hátt og sjálf undirskriftasöfnunin, hlýtur gagnrýni á málshöfðanirnar, byggð á því viðhorfi, að þær feli í sér árás á tjáningarfrelsi og lýðræði, að teljast til umræðna um opinber málefni og mörk leyfilegrar gagnrýni að metast eftir því.

4.2. Aðalsök.

Stefndi kveður öll ummælin, sem honum er stefnt út af í aðalsök, vera viðhöfð í góðri trú og styðjast við bjargfasta skoðun sína. Meginmálsástæða stefnda í aðalsök er sú, að þegar mál gegn honum hafði verið höfðað, hafi allar kröfur á hendur honum, aðrar en ómerkingarkrafa, verið niður fallnar vegna fyrningar skv. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 19/1940, almennum hegningarlögum.

Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að ekki sé að lögum rétt að binda upphaf fyrningarfrests við útkomudag dagblaðs, er birtir ærumeiðandi ummæli, þar sem eigi sé unnt að gera ráð fyrir, að þeir, sem telja sig ærumeidda, viti þá þegar um birtingu ummælanna.

Lögmaður stefnenda heldur því fram, að dómstólar hafi lagt sönnunarbyrðina á höfund ummæla varðandi þetta atriði og að stefnda hafi ekki tekist sönnunarbyrðin.

Ummælin, sem stefnukröfur eru byggðar á, birtust í Þjóðviljanum 25. júní 1974, en samkvæmt stefnubirtingarvottorði var stefnan birt 27. desember 1974, kl. 2005.

Lögmaður stefnenda lýsti því yfir við munnlegan málflutn-

ing, að því væri haldið fram, að stefnendur hefðu ekki vitað um stefnda í skilningi nefnds lagaákvæðis fyrr en eftir útgáfudag blaðsins, sem ummælin birtust í, en þeir hafi þó fljótlega eftir það fengið vitneskju um ummælin og höfund þeirra.

Stefnendur hafa ekki komið fyrir dóminn til að gefa skýrslu um þetta atriði, og lögmaður þeirra hefur heldur ekki gefið afdráttarlausa yfirlýsingu um það, hvenær stefnendum varð kunnugt um ummælin og stefnda. Stefnendur búa allir í Reykjavík eða nágrenni. Þjóðviljinn er eitt af helstu dagblöðum höfuðborgarinnar, og er hvert tölublað borið út og selt í lausasölu á höfuðborgarsvæðinu á útgáfudegi. Það eru því líkur á að stefnendum hafi orðið kunnugt um ummælin og höfund þeirra fyrir kl. 2005 þann 27. júní 1974. Þar sem ótvíræð yfirlýsing hefur ekki komið fram af hálfu stefnenda um hið gagnstæða, þykir verða að byggja á því, að málshöfðunarréttur hafi verið fyrndur í skilningi 1. mgr. 29. gr. alm. hegningarlaga, þegar stefna í frumsök var birt stefnda. Leiðir þetta til sýknu af refsikröfu í frumsök.

4.2.2.

Fyrningarákvæði 29. gr. alm. hegningarlaga tekur hvorki samkvæmt efni sínu né lögjöfnun til kröfu um ómerkingu skv. 1. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga.

Verður nú tekin afstaða til þess, hvort ómerkja beri ummæli stefnda í frumsök, og verða þau talin í sömu töluröð og hér að framan.

Um 1.

Með ummælum þessum telja stefnendur, að verið sé að rangtúlka mjög gróflega eðlileg viðbrögð þeirra til að koma fram lagaábyrgð vegna mjög rættinna ærumeiðandi skrifa um þá og vekja með því þá trú lesenda blaðsins, að slík viðbrögð séu ekki aðeins óeðlileg, heldur jafnframt af hinum verstu hvötum sprottin og hatröm árás á einn meginþátt andlegs frelsis.

Af ummælum stefnda kemur fram, að hann telur, að málshöfðanir stefnenda feli í sér atlögu við tjáningarfrelsið í landinu. Stefndi hefur lagt fram nokkur gögn, sem hann telur sýna, að hann sé ekki einn um þessa skoðun. Af þessum gögnum kemur fram meðal annars, að Einar Bragi rithöfundur, einn þeirra, sem stefnendur stefndu fyrir meiðyrði, hefur þann 24. júní 1974 farið þess á leit við Rithöfundasamband Íslands, að stjórn þess tilnefni 12 rithöfunda í nefnd, sem falið væri að leggja mat á,

„hvort kærumál og fjárheimtur af þessu tagi séu árás á tjáningarfrelsi manna eða ekki“.

Orðið var við þessum tilmælum. Í álitserð rithöfundanna segir svo í niðurlagi:

„Kærumál og fjárheimtur af þessu tagi eru árás á tjáningarfrelsi manna og stefna að þess konar tálmunum fyrir prentfrelsi, sem stjórnarskráin kveður svo skýrt á um, að aldrei megi í lög leiða.“

Stefndi var sjálfur einn þeirra tólf rithöfunda, sem samdi þessa yfirlýsingu.

Í yfirlýsingu 152 þekktra Íslendinga er lýst furðu yfir málsóknum stefnenda. Stefndi var sjálfur meðal þessara 152 manna.

Þá hafa ellefu þekktil menn undirritað yfirlýsingu, þar sem fordæmt er það hugarfar gagnvart skoðana- og málfrelsi, „sem birtist í fjöldastefnum forystumanna „Varins lands“ á hendur gagnrýnendum sínum, þar sem krafist er fangelsisdóma og þungra fjársekta í stað skoðanaskipta og málefnalegrar rök-ræðu.“

Þann 27. júní 1974 gerði stjórn Stúdentaráðs Háskóla Íslands svofellda ályktun:

„Stjórn SHÍ fordæmir harðlega þær árásir á tjáningarfrelsi og frjálsa skoðanamyndun, sem tólf forystumenn undirskrifa-söfnunarinnar „varins lands“ hafa nú uppi á hendur nokkrum einstaklingum, sem hafa leyft sér að hafa gagnstæðar skoðanir við þá á hernámi Íslands . . .“

Af þessu er ljóst, að stefndi er engan veginn einn um þá skoðun, að málssóknir stefnenda feli í sér atlögu við tjáningarfrelsið.

Dómarinn er hins vegar á þeirri skoðun, að ekkert ámalisvert felist í málshöfðunum stefnenda og að tjáningarfrelsi sé engin hætta búin, þótt menn beri mál sín undir dómstóla, ef þeir telja, að brotið sé gegn ærurétti þeirra. Eigi að síður verður að telja, að stefnda hafi verið heimilt að láta í ljós skoðun sína á málshöfðunum stefnenda, eins og hann gerði í tilgreindum ummælum, sbr. það, sem segir hér að framan um leyfilega gagnrýni á umræðum um opinber málefni. Ummæli þessi þykja ekki óviðurkvæmileg og verða því ekki ómerkt, sbr. 1. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga.

Um 2. og 3.

Þessi ummæli þykja óviðurkvæmileg, og ber að ómerkja þau skv. 1. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga.

Um 4.

Stefnendur telja orðið „kumpánar“ móðgun við sig. Þeir telja, að í ummælunum felist að öðru leyti mjög rætin og ógeðsleg aðdróttun, borin fram gegn betri vitund, þar sem forgöngu þeirra að undirskriftasöfnuninni sé líkt við vinnubrögð eins mesta óhappamanns, sem uppi hafi verið og sögur fari af, og fylgismanna hans.

Um þetta segir svo í greinargerð stefnda:

„Í stefnu er rækilega á það minnt, að undirskriftasöfnunin hafi borið glæsilegan árangur, tala undirskrifenda nákvæmlega tíunduð, enda hófu tólfmenningarnir ekki málshöfðanir sínar fyrr en niðurstöðurnar lágu fyrir. Þeir fara hvergi í felur með það, að þeir telja sig styðjast við hinn svonefnda „þögla meirihluta“. Vegna þessarar klifunar, sem er að vísu einatt óbein og undir rós, hljóta hugsandi menn að rifja upp fyrir sér aðra aðilja sem einnig fóru sínu fram í krafti hins þögla meirihluta, og kemur þá vitanlega Adolf Hitler fyrst í hugann. Slík upprifjun getur varla verið refsiverð, enda hef ég hvergi líkt vinnubrögðum tólfmenninganna við vinnubrögð Hitlers og fylgismanna hans, heldur einungis bent á *blinda trú* þeirra og hvað af henni leiddi. „Vinnubrögð“ og „blind trú“ eru ekki samheiti í íslensku máli.“

Hér er rætt um Adolf Hitler, fyrrum ríkiskanslara og ríkisforseta Þýskalands. Þessi þjóðarleiðtogi var á sínum tíma mjög dádur af mörgum, einkum meðal Þjóðverja, en að öðru leyti umdeildur. Hann er nú almennt fordæmdur, meðal annars fyrir ofsóknir á hendur Gyðingum og fleiri mannhópum og fyrir að bera höfuðábyrgð á síðari heimsstyrjöldinni auk annars. Ekki er annað vitað en stefnendur séu allir einlægir lýðræðissinnar, en stjórnkerfi það, sem Hitler innleiddi í Þýskalandi, hefur almennt verið talið til fasisma. Í ummælunum felst, að stefnendur hafi farið sínu fram í sömu blindu trú og Adolf Hitler og hans líkar. Þessi samlíking þykir óviðurkvæmleg, og ber að ómerkja þessi ummæli í heild, sbr. 1. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga.

Um 5.

Þessi ummæli þykja óviðurkvæmleg og ber að ómerkja þau.

4.3. Framhaldssök.

4.3.1.

Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að með endurbirtingu

ummælanna úr frumsök hafi stefndi gerst sekur um sjálfstætt brot.

Af stefnda hálfu er á því byggt, að hann hafi engan þátt átt í endurbirtingu ummælanna, sem varða eigi hann ábyrgð.

Það er eðli máls samkvæmt og venjuhelgaður skilningur, að málflytjendur hafi rúmt málfrelsi og ritfrelsi fyrir dómi. Á þetta meðal annars við um ummæli í greinargerðum aðilja.

Stefndi flutti upphaflega mál sitt sjálfur og ritaði greinargerð í frumsök. Í málflutningi naut hann sama tjáningarfrelsis og málflytjendur.

Stefndi skýrir svo frá, að af hálfu Þjóðviljans hafi verið spurst fyrir um, hvort hann hefði á móti því, að greinargerð hans væri birt. Hann segist hafa svarað, að hann hefði ekki á móti birtingu, enda kveðst hann hafa talið, að ekkert væri athugavert við að birta greinargerðina, þar sem hún væri opinbert skjal, sem hefði verið lagt fram í opinberu þinghaldi. Hann kveður greinargerðina síðan hafa verið sóttá til sín. Hann kveðst síðan ekkert hafa komið nálægt birtingu hennar, engu ráðið um fyrirsgagnir og ekki átt þátt í, að ummælum, sem stefnt er út af í frumsök, er bætt inn í greinargerðina í birtingu. Hann segir, að Þjóðviljinn muni hafa haft stefnu í frumsök og því getað tekið ummæli sín upp úr henni. Hann kveðst ekki vita, hvernig stefnan komst til Þjóðviljans.

Þess er getið í blaðinu, að millifyrirsagnir og aðalfyrirsögn sé Þjóðviljans.

Ljóst er, að greinargerðin var birt með samþykki stefnda, og nafns hans er ótvírætt getið sem höfundar. Hlýtur hann því að bera refsí- og fébótaábyrgð skv. 15. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt. Hins vegar virðist verða að miða við, að stefndi eigi ekki sök á endurbirtingu ummæla úr frumsök og millifyrirsögnum, sem skotið hefur verið inn í greinargerðina án atbeina hans, en fallast verður á það með lögmanni stefnenda, að birtingu greinargerðarinnar verði að meta sjálfstætt. Þótt greinargerðin hafi verið lögð fram á opinberu dómþingi, þykir það skipta verulegu máli, að með birtingu hennar í dagblaði er henni komið sjálfstætt fyrir sjónir miklu meiri fjölda manna en annars hefði verið.

Í greinargerðinni eru þau ummæli, sem honum var stefnt fyrir í frumsök, að nokkru leyti endurtekin. Í báðum tilvikum eru ummælin endurtekin þannig, að málsgreinin, sem þau stóðu í, er birt í heild til skýringar. Um er að ræða ummæli í tölulið 3

og 5 í frumsök. Eðlilegar ástæður virðast hafa legið til, að ummæli þessi voru þannig endurtekin, og þykir ekki næg ástæða til að refsa fyrir þessa endurtekningu sérstaklega, þótt greinargerðin hafi síðan verið birt í dagblaði. Þessi ummæli hafa þegar verið ómerkt.

Skv. framansögðu ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnenda í A lið kröfugerðar þeirra í framhaldssök.

4.3.2.

Um b.

Um 1.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, ber að sýkna stefnda af öllum kröfum vegna þessara ummæla.

Um 2.

Lögmaður stefnenda telur, að orðið óhappamaður tákni skv. málvenju þann, sem framið hefur glæp eða annan verknað, svi-virðilegan að almenningsáliti. Telja stefnendur ummæli þessi varða við 234., 235. og 236. gr. laga nr. 19/1940.

Af stefnda hálfu er því haldið fram, að orð þetta merki mann, sem orðið hefur fyrir óláni, ólánsmann eða mann, sem vegna mistaka hefur orðið til að gera illt.

Ummæli þessi þykja meiðandi fyrir stefnendur, og virðist bera að meta þau sem skammaryrði, og teljast þau þannig varða við 234. gr. alm. hegningarlaga.

Um 3.

Þessi ummæli þykja ekki varða við hegningarlög, og vísast til röksemda um ummæli í lið A 1 hér að framan.

Um 4.

Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að hér sé verið að dylgja um annarlegar og auðvirðilegar hvatir stefnenda, þeir séu vænd-ir um landráð og undirlægjuhátt við erlent vald og láti einskis svífast á kostnað þjóðfrelsis Íslendinga sjálfum sér til fjárhags-legs ávinnings. Telja stefnendur ummæli þessi varða í heild við 234., 235. og 236. gr. laga nr. 19/1940.

Ummæli þessi eru stórkostlega meiðandi fyrir stefnendur og fara langt út fyrir það, sem hæfilegt verður að telja í opinberum umræðum um þjóðmál. Í þeim felst harkaleg aðdróttun um, að afstaða stefnenda í varnarmálum ráðist af undirlægjuhætti og

þrælsóttta við bandaríska ráðamenn auk þess sem þeir vænti fjárhagslegs ávinnings úr hendi þeirra fyrir framtak sitt. Þessar aðdróttanir virðast fjarri lagi og hafa engan veginn verið réttlættar. Að öðru leyti eru ummælin í þessum lið stórkostlega móðgandi fyrir stefnendur.

Þykja þessi ummæli varða við 234. og 235. gr. alm. hegningarlaga. Enn fremur ber að ómerkja þau skv. 1. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga.

Um 5—6.

Af hálfu stefnenda er litið svo á varðandi ummælin í lið 5, að hér sé því umbúðalaust haldið fram, að stefnendur hafi glatað ærunni, séu ærulausir menn, þetta sé að sjálfsögðu gróf móðgun, en ummælin feli einnig í sér aðdróttun um, að stefnendur hafi gerst sekir um einhverja þá háttsemi, er því ætti að valda, að höfðun meiðyrðamáls af þeirra hálfu væri gersamlega fráleit.

Stefnendur telja ummæli þessi fela í sér móðgun og aðdróttun og vera refsiverð skv. 234. gr. og 235. gr. laga nr. 19/1940.

Að því er varðar ummælin í lið 6 telja stefnendur orðin gikkshátt og heigulshátt fela í sér móðgun og varða við 234. gr. laga nr. 19/1940, í orðunum valdbeitingartrú nýstéttarmanna felist aðdróttun um það, að stefnendur aðhyllist valdbeitingu fyrir þá sök eina, að þeir leiti æruverndar fyrir dómstólunum lögum samkvæmt. Telja stefnendur þessi ummæli refsiverð skv. 235. gr., en til vara 234. gr. laga nr. 19/1940.

Ummælin í þessum liðum þykja mjög móðgandi fyrir stefnendur og fara langt út fyrir það, sem hæfilegt getur talist í opinberum umræðum um þjóðmál.

Í lið 5 virðist felast harkaleg aðdróttun um, að stefnendur hafi týnt æru sinni með starfi sínu að undirskriftasöfnuninni og með málshöfðunum sínum.

Þessi aðdróttun hefur engan veginn verið réttlætt og virðist fjarri sanni.

Að öðru leyti virðast felast í ummælum þessum stórkostlegar móðganir við stefnendur.

Ummælin í þessum liðum þykja varða við 234. og 235. gr. alm. hegningarlaga, og þykir bera að ómerkja þau skv. 1. mgr. 241. gr. sömu laga.

Refsing stefnda þykir hæfilega ákveðin 20.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í fjóra daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan aðfararfrests.

4.4.

Eins og að framan er rakið, þykir stefndi hafa gerst sekur um harkalega árás á æru stefnenda. Þykir því ekki verða hjá því komist að neyta heimildar 1. mgr. 264. gr. alm. hegningarlaga til þess að dæma stefnda til að greiða stefnendum nokkurt fégjald fyrir hneisu. Er þá litið til þess, að ákvæði 1. mgr. 29. gr. sömu laga taka hvorki beinlínis né skv. lögjöfnun til miskabóta-kröfu.

Féggjald þetta þykir hæfilega ákveðið fimmtán þúsund krónur til hvers stefnanda auk 9% ársvaxta frá 25. júní 1974 til 15. júlí sama ár, en 13% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt 2. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga þykir rétt að dæma stefnda til að greiða stefnendum sameiginlega 25.000 krónur til að kosta birtingu forsendna og dómsorðs dóms þessa í opinberum blöðum.

Þá þykir samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga nr. 57/1956 rétt að skylda stefnda til þess að sjá um, að dómur þessi verði birtur í 1. eða 2. tbl. Þjóðviljans, sem út kemur eftir lögbirtingu dómsins.

Eftir þessum úrslitum þykir hæfilegt að dæma stefnda til að greiða stefnendum sameiginlega 50.000 krónur í málskostnað.

4.5.

Hinn reglulegi héraðsdómari hefur vikið sæti í máli þessu. Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari hefur verið skipaður til að fara með málið sem setudómari og kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreind ummæli stefnda, Sigurðar A. Magnússonar, sem birtust í 106. tbl. Þjóðviljans 1974 og 40. tbl. Þjóðviljans 1975, skulu vera dauð og ómerk.

Stefndi skal vera sýkn af refsikröfu stefnenda, Bjarna Helgasonar, Björns Stefánssonar, Hreggviðs Jónssonar, Jónatans Þórmundssonar, Ólafs Ingólfssonar, Stefáns Skarp-héðinssonar, Unnars Stefánssonar, Þorsteins Sæmundssonar, Þorvalds Búasonar, Þórs Vilhjálmssonar, Ragnars Ingimars-sonar og Valdimars J. Magnússonar, í frumsök.

Stefndi greiði 20.000 krónur í sekt til ríkissjóðs. Varðhald í fjóra daga komi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan aðfararfrests.

Stefndi greiði stefnendum hverjum um sig 15.000 króna féggjald ásamt 9% ársvöxtum frá 25. júní 1974 til 15. júlí 1974, en 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnendum sameiginlega 25.000 krónur til að kosta birtingu forsendna og dómsorðs dóms þessa í opinberum blöðum.

Stefndi skal sjá um, að forsendur og niðurlag dóms þessa verði birt í 1. eða 2. tbl. Þjóðviljans, sem út kemur eftir lögbirtingu dómsins.

Stefndi greiði stefnendum sameiginlega 50.000 krónur í málskostnað.

Allar greiðslur fari fram innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 18. júní 1979.

Nr. 43/1979. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

gegn

Páli S. Pálssyni hæstaréttarlögmanni

Skúla J. Pálmasyni hæstaréttarlögmanni og

Sveinbirni Jónssyni hæstaréttarlögmanni.

Sameining mála. Frestur.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Pegar mál þetta kom fyrir á dómþingi Hæstaréttar 1. júní 1979, óskaði áfrýjandi þess, að það yrði sameinað hæstaréttarmálinu nr. 199/1978, sem kom fyrir á dómþinginu sama dag, og frestað eins og því til 1. október 1979.

Stefndu Páll og Skúli mótmæltu því, að málin yrðu sameinuð og frestur veittur.

Stefndi Sveinbjörn mótmælti því, að málið yrði sameinað málinu nr. 199/1978, en samþykkti frestbeiðnina.

Hinn 27. október 1978 var á aukadómþingi Rangárvallasýslu kveðinn upp dómur í málinu: Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn hreppsnefnd Landmannahrepps vegna